



# 634. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 6. mars 2026, kl. 12:30

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir, Gauti Árnason og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

## 1. Samgöngumál milli lands og Vestmannaeyja

Fyrirferðarmikil umræða varðand samgöngumál eða skort á samgöngum milli lands og Vestmannaeyja hefur átt sér stað undanfarið.

Stjórn SASS tekur heilshugar undir áhyggjur Vestmannaeyinga vegna bágborinna samganga og úrræðaleysis stjórnvalda til að leysa úr.

Stjórn SASS skorar á ríkisvaldið að gera allt til þess að dýpkun Landeyjahafnar sé tryggð með öflugum dýpkunarskipi og brugðist sé við hið snarasta komi upp óvæntir utan að komandi þættir sem áhrif hafa á að dýpkun geti ekki átt sér stað. Að Landeyjahöfn sé opin sem flesta daga ár hvert er gríðarlegt hagsmunamál fyrir Vestmanneyinga og Suðurland í heild sinni. Stjórn SASS skorar jafnframt á ríkisvaldið að sinna sínu hlutverki varðandi greiðar og öflugar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja og vera í stakk búið með áætlun um viðbrögð til að bregðast við óvæntum atburðum sem torvelda samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

## 2. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

- Farið var yfir stöðu mála á upplýsingafundi SASS fyrir fund stjórnar. Þar var sagt frá fundi sem formaður og framkvæmdastjóri SASS ásamt framkvæmdastjóra HES og stjórnarfólki átti með starfsmönnum URN. Málið verður lagt fyrir ríkisstjórn 6. mars og eins verður myndaður starfshópur með SÍS og fulltrúum ráðuneyta til að klára útfærslu. Framkvæmdastjóri SASS hefur óskað eftir nánari upplýsingum um fulltrúa og hlutverk starfsópsins og mun fylgja málinu áfram eftir.

SASS stendur jafnframt við sína bókun frá 629. fundi stjórnar og kallar eftir að málið verði unnið í samvinnu við sveitarfélögin.

## 3. Sorpstöð Suðurlands

- Búið er að ráða verkefnastjóra í samþykkt tímabundið verkefni á vegum SASS og SOS. Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri skili stuttum yfirlitsskýrslum um framvindu inn á fundi stjórnar SASS þar sem inni eru tveir fulltrúar stjórnar SOS. Fyrstu framvinduskýrslu verður skilað á næsta stjórnarfund SASS þann 10. apríl nk.



#### 4. ART verkefnið

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála hjá ART. Verkefnastjóri hefur sagt upp störfum og mun starfandi ráðgjafi taka við stöðunni. Í framhaldi verður farið í ráðningu á nýjum ráðgjafa inn í teymið. Eins er starfsfólk að undurbúa fund með Barna- og menntamálaráðherra til þess að ræða framtíð og þróun verkefnisins, en gert er ráð fyrir að fundurinn fari fram fyrir páska.

#### 5. Önnur mál

- a. Frumvarp til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.  
Stjórn SASS lýsir yfir ánægju með að frumvarpið sé komið fram og tekur jafnframt undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um frumvarpið.
- b. Samráðsfundir vegna Hvítbókar um byggðaáætlun  
Stjórn SASS leggur til að fundurinn verði haldinn sem fjarfundur eftir hádegi 21. apríl nk. og felur framkvæmdastjóra og starfsfólki SASS að útfæra dagskrá með fulltrúum Innviðaráðuneytis.
- c. Lagt fram til kynningar
  - a. Umsöng SASS um Grænbók Samráðsgátt | Mál: S-22/2026
  - b. Fundargerðir Austurbrúar og SSA
  - c. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga 993.
  - d. Fundargerð samráðsvettvangs úrgangsmála Fundargerð samráðsvettvangs 19.01.2026
  - e. Fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.13:30.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 10. apríl 2026 á Höfn í Hornafirði